

Samkynhneigðarfæð í vestrænni menningu

Í vestrænni menningu gætti tiltölulegs frjálsræðis í kynferðismálum fram á miðaldir. Svo virðist, sem sú tegund kristinnar trúar, sem oft er kennd við Pál postula (5-64/67) hinn gríska, hafi verið trúarlegur og hugmyndafræðilegur grundvöllur að veigamiklum breytingum á hugmyndum um kynlíf og siði í því sambandi. Það á einnig við um Norðurlönd.

Páll var rómverskur þegn og félagi í flokki Farisea, sem var flokkur trúarleiðtoga og fræðimanna. Flokkurinn barðist fyrir endurreisn Ísraelsríkis á grunni trúarlegra lögmála og túlkun öldungana á þeim. Þess má geta, að Páll hafði, áður en hann gerðist atkvæðamikill trúboði utan Gyðingalands, ofsótt kristna menn grimmdarlega. Í postulasögunni dregur hann ekkert undan: „Ég ofsótti þá, sem voru þessa vegar, og sparði ekki líf þeirra, færði í fjötra og hnepti í fangelsi karla og konur.“

Í bréfi sínu til rómverska safnaðar kristinna manna, segir hann m.a. „Þess vegna hefur Guð ofurselt þá fýsnum hjartna þeirra til saurlifnaðar, til þess að þeir svívirtu líkami sína hver með öðrum. Þeir hafa skipt á sannleika Guðs og lyginni og göfgað og dýrkað hið skapaða í stað skaparans, hans sem er blessaður að eilífu. ... Þess vegna hefur Guð ofurselt þá svívirðilegum girndum. Bæði hafa konur breytt eðlilegum mökum í óeðlileg, og eins hafa líka karlar hætt eðlilegum mökum við konur og brunnið í losta hver til annars, karlmenn frömdu skömm með karlmönnum og tóku út á sjálfum sér makleg málagjöld villu sinnar.“

Páli var tíðrætt um saurlífi. Í fyrra Kórintubréfinu segir hann t.d.: „Það er mér sagt að saurlifnaður eigi sér stað á meðal yðar, og það slíkur saurlifnaður, sem jafnvel gerist ekki meðal heiðingja, að maður heldur við konu föður síns. Og svo eruð þér stærilátir, í stað þess að hryggjast og gjöra gangskör að því, að manningum, sem þetta hefur drýgt, yrði útrýmt úr félagi yðar! Ég fyrir mitt leyti, fjarlægur að líkamanum til, en nálægur að andanum, hef þegar, eins og ég væri nálægur, kveðið upp dóm í nafni Drottins vors Jesú yfir manni þeim, sem þetta hefur drýgt: Þegar þér og minn andi eruð saman komnir með krafti Drottins vors Jesú, skal selja slíkan mann Satan á vald til tortímingar holdinu, til þess að andinn megi hólpinn verða á degi Drottins Jesú. ... Útrýmið hinum vonda úr yðar hópi.“

Það er athyglisvert í þessu sambandi, að Páll virðist hafa mætt verulegri andstöðu meðal fornþjóðanna, þ.e. heiðingjanna, hvað umskurð (drengja) varðar. Hann gerist talsmaður einhvers konar málamiðlunar: „Umskurn kemur því aðeins að gagni að þú haldir lögmálið. En ef þú brýtur gegn því er umskurn þín orðin að engu. Ef óumskorinn maður fer eftir kröfum lögmálsins mun hann þá ekki metinn svo sem umskorinn væri? Og mun þá ekki sá sem er óumskorinn og heldur lögmálið dæma þig sem þrátt fyrir bókstaf og umskurn brýtur lögmálið? ... Jú, líka heiðingja, svo sannarlega sem Guð er einn og réttlætir jafnt umskorna menn af trú og óumskorna fyrir sömu trú. ... Nær þessi sæluboðun aðeins til umskorinna manna? Eða líka til óumskorinna? Ég segi: Trúin var Abraham til réttlætis reiknuð.“

Páll var félagi í trúarhreyfingu, Jesúhreyfingunni, sem var ein margra hreyfinga, sem boðaði trú sína um upphaf okkar tímatafs. Í Mið-Austurlöndum var þá eins og nú mikil gerjun af samfélagslegum og trúarlegum toga. Rúnar M. Þorsteinsson, guðfræðingur, segir: „Gyðingatrú þess tíma virðist hafa verið margbrotinn suðupottur þar sem gamlar hefðir og rit voru stokkuð upp, hinn bókstaflegi texti ekki lengur marktækur, heldur var leitast við að finna dýpri merkingar, tengsl við gríska heimspeki, eða dulda spádóma.“

Páll var umfram allt strangtrúaður Gyðingur í hjarta sínu, sótti siðspeki sína til laga Mósesar (1391-1271?), leiðtoga og spámanns Gyðinga eða Ísraela, er leiddi þjóð sína til frelsis og nýrrar tilveru úr ánaud í Egyptalandi. Leiðtoginn krafðist fullkominnar hlýðni við Guð (Jahve /Jesús) og lög þau, er hann hafði samið í umboði guðsins, þar með talin boðorðin tíu. Refsigleðin fór ekki milli mála:

„Þið skuluð halda hvíldardaga mína því að hvíldardagurinn er tákn milli mín og ykkar frá kyni til kyns svo að þið játið að ég er Drottinn sá sem helgar ykkur. Haldið hvíldardaginn því hann skal vera ykkur heilagur. Hver sem vanhagar hann skal líflátinn því að hver sem vinnur þá einhvern dagleg störf skal upprættur úr þjóð sinni. ... Ísraelsmenn skulu virða hvíldardaginn frá kyni til kyns sem ævarandi sáttmála.“

Móses þótti brýna nauðsyn bera til að beisla kynhvötina. Alla vega skipaði Jahve svo fyrir, að prestarnir skyldu ganga í buxum til að dylja „skömmina,“ þ.e. kynfærin. Honum þótt þó ekki nóg að gert, því léti karlmaður sæði yrði hann að lauga sig hátt og lágt, svo og þvo öll þau klæði, er kynnu að hafa komist í snertingu við sæði. Sama átti við um samræði karls og konu. En það tekur þó fyrst verulega í hnúkana, þegar talið berst að samræði karls við kynbróður. Það er talin viðurstygð og útrýma skal þeim, er slíkt athæfi iðka. Danski sálkönnuðurinn, Thorkil Vanggaard segir um þetta í bók sinni, „Völsinn“ (Phallos):

Gyðingar eru undantekningin frá flestum menningarþjóðum við Miðjarðarhaf og í nálægri Asíu: „Öndvert við Grikkland á tíma sígildrar menningar (klassísk Grækenland), Rómarríki í heiðnum siði, Egyptaland og Babylon, svo nokkur séu upptalin, fordæmdu Ísraelsmenn völsameninguna – nautsguðinn Baal [frjósemisguð í Mið-Austurlöndum til forna] var vitaskuld völsaguð – litið var á samkynhneigð sem viðurstygð [og] líflát var refsingin; sköp [þrungin] skömm og blygðun, sæðið [talið] óhreint.“

Lög Mósesar giltu þó einungis eftir útleigðina í Babylon, sem lauk 539 f.Kr. „Áður en til herleiðingarinnar kom, á tímum konunganna, gegndi öðru máli. Völsameningin blómstraði, og í konungsmusterinu í Jóršölum (Jerúsalem) sáu karlþjónar um samkynsvændi. [Þeir voru kallaðir] karlar helgir (Qades) og höfðu hver sinn íverustað í musterinu. Því má skilja, að samræði við helga karla væri [í sjálfu sér] heilög athöfn. Gjaldið rann til musterisins. Thorkil segir ennfremur:

„Eftir að útleigðinni lauk og heim var komið áttu sér stað umtalsverðar endurbætur, þar sem útrýmt var úr trúarlífi Gyðinga kyntengdum atriðum úr [hinni fornu] kanan-menningu. Nú skyldi líta á fordæmingu alls þess, er völsa og samkynhneigð snerti, sem gyðingalegan rétttrúnað.“ (Kananan var landsvæði, sem guð hafði fært Hebreum/Gyðingum til ævarandi eignar.)

Áhrif kristinna Gyðinga voru þegar á fyrstu öld, eftir Krists burð, umtalsverð. Í söfnuðum þeirra voru völsatákn fordæmd. Áhrif safnaðanna jukust enn á annarri öldinni í kjölfar þess, að Hadrian (76-138) Rómarkeisari sendi Gyðinga í útleigð árið 135 eftir lokaorrustuna gegn herföngingjum, Simon Bar Kochba. Ég gef Thorkil orðið:

„Siðferði Gyðinga var viðtekið í söfnuðunum. Á kirkjuþinginu í Elvira [nú Granada á Spáni] árið 300 var samþykkt, að þeim, sem leystu girnd sína á drengjum, skyldi neita um náttverðinn á banabeðinu. [Þannig] var hin kristna frumkirkja undirgefin kynsiðferði laga Mósesar. [Hún var] á fjórðu öldinni lögtekin í Rómarríkinu fyrir atbeina Konstantíns [272-337] og varð [gyðingleg kristni] þar með ríkjandi [trú]. Þar með voru önnur trúarbrögð útlæg gerr og [heimspeki]skólanum í Aþenu lokað.“ ...

„Þetta fékk gagngerar afleiðingar í Rómarríkinu, því eftir, að kristindómur var gerður að ríkistrú, var veraldleg refsilöggjöf færð til samræmis við kristið siðferði af keisurum fjórðu aldar. Dauðarefsing lá við samkynhneigð. Þeodorius [347-395] lét höggva höfuðið af [brotamönnunum], en Valetinan [321-375] lét þá brenna á báli. Skorin var upp herör gegn samkynhneigð.“ ...

„En steininn tók úr við háttalag Justians [482-565] keisara gagnvart „óeðlilegri fýsn“ á sjöttu öldinni. Hann var skekinn vegna hamfara í ríki sínu; hungursneyðar, drepsótta og jarðskjálfta. Ströng viðbrögð við samkynhneigð sagði hann nauðsynleg, svo heilu bæirnir yrðu ekki lagðir í rúst með manni og mús, sökum svo óhelgra athafna, því á helga bók er lagt, að slíkar athafnir hafi í för með sér gjöreyðingu bæja.“

Yfirvöld létu ekki sitja við orðin tóm, hvorki innan vébanda kirkjunnar eða utan. Annálaritarinn, John Malalas (491-578) frá Damaskus, greinir frá því á sjöttu öld, að Isaiah, biskup frá Rhodos, hafi verið pyndaður og brottrækur gerr fyrir ósæmilegar, kynferðislegar athafnir með karlmönnum. Bróðir hans í trúnni, Alexander biskup frá Diospolis í Þrakíu (Búlgaríu) hlaut enn verri örlög. Undan honum var skorið og hann síðan borinn um á sjúkrabörum sjálfum sér til háðungar og spotts og öðrum til viðvörunar. Thorkil klykkir út:

„Þar með hafði viðhorfið til samkynhneigðar og völsátákna, sem eingöngu var upprunið í Gyðingtrú, öðlast gildi hvarvetna í heimi kristinnar. Aðalsmerki kristins rétttrúnaðar var skilyrðislaus fordæming alls, er að samkynhneigð laut. Á hinn bóginn var nú litið á samkynhneigð í verki sem óbifanlega sönnun um trúleysi eða eins og það síðar hét, trúvillu. Úr þessu sjónarhorni séð, vorum vér nú öll orðin að Gyðingum fyrir augliti vors Herra.“

Löggjöf Justians varð fyrirmynd skyldrar löggjafar í allri Vestur- og Norður-Evrópu á miðöldum.